

Nr. 55.
10.
nóvbr.

L ö g
um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Ganta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af sektarfje fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands.

2. gr.

Í sjóð þennan renna $\frac{2}{3}$ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum $\frac{2}{3}$ netto andvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Til sjóðsins leggur og landssjóður 5000 krónur á ári, er telst með árstekjum hans.

4. gr.

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið.

5. gr.

Til þess tíma, sem ákveðinn er í 4. gr., má ekki skerða sjóðinn, og skulu allir vextirnir af stofnfje hans leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal hún ávaxta fje hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuberg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.